

## Verkefnislýsing heimildaritgerðar

Nemendur vinna heimildaritgerð um viðfangsefni sem byggist á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein hans. Nemanda er þó heimilt að vinna rannsókn í samráði við umsjónarkennara.

Um er að ræða einstaklingsverkefni. Þó er nemendum heimilt að vinna paraverkefni en bera þá sjálfir ábyrgð á samstarfinu.

Ritgerðin skal hafa hefðbundna uppsetningu með 5 köflum; Inngangi, þremur meginmálsköflum og svo lokaorðum. Að sjálfsögð skal vitnað til heimilda og má segja að heimildalisti í lok verksins sé sjötti í síðasti kaflinn.

Yfirlit verkefnaskila:

1. Hugtakapróf um heimildir og rannsóknaraferðir 10%
2. Efnisgrind – ásamt heimildaskrá 5%
3. Fyrstu skil á verkefni 10%
4. Önnur skil á fullbúnu verkefni 10%
5. Lokaútgáfa verkefnis, að teknu tilliti til athugasemda við fyrstu og önnur skil. 50%
6. **10.maí:** Kynning á lokaverkefni á lokaverkefnisdegi 15% - Ath. að til þess að einkunn fyrir lokaskil lokaverkefnis taki gildir þarf að kynna verkefnið.

### Kröfur fyrir öll lokaverkefni:

- Nemandi velur sér umfjöllunarefni sem er innan áhugasviðs og endurspeglar námsval viðkomandi við skólann.
- Nemandi setur fram rannsóknarsprungu og tilgátu eða tilgátur sem leitast er við að svara í verkefninu. Verkefnið snýst svo um að svara þessari spprungu út frá nokkrum sjónarhornum.
- Verkefnið á að vera hið minnsta 2.500 orð fyrir einstaklingsverkefni og 3.500 orð fyrir paraverkefni (fyrir utan forsíðu, heimildaskrá og fylgiskjöl).
- Nota skal Times New Roman Arial eða Calibri letur í 12 punkta stærð með línbil 1,5

### Heimildir:

- Vísá þarf jafnóðum til heimilda, setja tilvísanir fram með viðeigandi hætti og vísa til heimildaskrár. Halda þarf beinum tilvitnum í algjöru lágmarki, einungis skal nota þær ef orðalag skiptir máli.
- Nota skal APA kerfið, sjá leiðbeiningar á vef HÍ eða HR.
- Vinnið þið heimildaskráningu jafnóðum. Ekki geym það að setja inn tilvísanir og ekki setja bara inn linka. Þið munið þakka sjálfum ykkur fyrir það í vor.

| Einstaklingsverkefni (lágmark)  | Paraverkefni (lágmark)  |
|---|---|
| Að minnst kosti 8 heimildir, þar af mega 2 vera óritrýndar.<br><br>Fyrsta val heimilda er alltaf ritrýnt. | Að minnsta kosti 12 heimildir, þar af mega 3 vera óritrýndar.<br><br>Fyrsta val heimilda er alltaf ritrýnt. |
| <b>Gera þarf ráð fyrir því að þurfa að nýta einnig ritrýndar heimildir á erlendu tungumáli.</b>           | <b>Gera þarf ráð fyrir því að þurfa að nýta einnig ritrýndar heimildir á erlendu tungumáli.</b>             |

**Sérstakar kröfur eftir gerð verkefna:**

- Þegar nemandi skilar fyrstu heildarskilum verkefnis verður að fylgja með sem fylgiskjal mat á áreiðanleika heimilda.
- Vanda skal alla uppbyggingu textans og hafa í huga þær kröfur sem gerðar eru um ritgerðarsmíð. Sjá upplýsingar á vef bókasafnsins og upplýsingar á vefjum HÍ og HR. Nánari upplýsingar um frágang er að finna á vef áfangans á Moodle.